

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 90/2000

frá 27. október 2000

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2000 frá 2. ágúst 2000⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1215/2000/EB frá 16. maí 2000 um að víkka út ákvörðun nr. 710/97/EB um samræmda aðferð við leyfisveitingu á sviði einkafjarskiptapjónustu um gervihnött innan bandalagsins⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 5ca (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 710/97/EB) í XI. viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

„, eins og henni var breytt með:

- **32000 D 1215:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1215/2000/EB frá 16. maí 2000 (Stjtið. EB L 139, 10.6.2000, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 250, 5.10.2000, bls. 50 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 5.10.2000, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 139, 10.6.2000, bls. 1.

2. gr.

Texti ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1215/2000/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. október 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.